



# TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI GRJÓTAÞORPS STGR. 1.136

dags. 26.01.2015



Deiliskipulag Grjótaþorps,  
samþykkt í borgarráði 30. júlí 2002.

Mkv. 1:2000



Skýringarmynd:  
Svæði innan deiliskipulagssvæðis  
Grjótaþorps með takmörkun á landnotkun.

Mkv. 1:2000



Skýringarmynd:  
Afmörkun svæðis með takmörkun á landnotkun.

Mkv. 1:4000



ADALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030 YFIRLITSMYND

## SKÝRINGAR

- - - Afmörkun deiliskipulags Grjótaþorps
- Afmörkun svæðis innan deiliskipulags Grjótaþorps þar sem er takmörkun á landnotkun, sjá skilmála.
- - - Afmörkun svæðis þar sem er takmörkun á landnotkun, sjá skilmála.

## Greinargerð:

Deiliskipulagssvæðið sem hér er til umfjöllunar afmarkast af Aðalstræti í austri, Túnsgötu í suðri Garðastræti í vestri og Vesturgötu í suðri. Víkurkirkjugarður telst einnig innan skipulagssvæðis, eins og nánar er sýnt á upprdrætti.

Tilgangur breytingarinnar, sem er fyrsti áfangi í stefnu og úttekt um hótöl og gistiðaði, sem Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 kveður á um (AR2010-2030 bls. 176 og 178), er að fylgja eftir markmiðum Aðalskipulagsins um fjölbreytileika miðborgarinnar (AR2010-2030 bls. 176). Er það gert með því að stuðla að og viðhalda blöndun starfsemi í miðborginni sbr. einnig ákvæði aðalskipulagsins um götuhiðar í miðborginni (AR2010-2030 bls. 205).

Samkvæmt nágildandi aðalskipulagi er landnotkun á svæðinu M1a og er rekstur nektarstaða óheimill í Reykjavík samkvæmt aðalskipulagi (AR2010-2030 bls. 210). Við skilgreindar götuhiðar í M1a skal öll starfsemi á jarðhæðum vera opin og aðgengileg almenningi allan daginn og ekki er heimilt að hylja glugga (AR2010-2030 bls. 204-205).

Tillagan lýtur að því að skilgreina nánar skilmála um starfsemi á deiliskiplagssvæðinu frá því sem gert er ráð fyrir í gildandi deiliskipulagi og Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Er það gert með því að kveða á um hámarks-hlutfall gistiþjónustu sbr. lög um veitingastaði, gistiðaði og skemmtanahald nr. 85/2007 og skemmtanahald nr. 85/2007. Af samtölu birrar

stærðar eigna á skilgreindu svæði og nær yfir þann hluta deiliskipulagssvæðis Grjótaþorps sem er með landnotkun M1a og einnig deiliskipulagssvæði Kvosarinnar í heild sinni, er hámarks-hlutfall gistiþjónustu skilgreint 23%. Til grundvallar útreikningi á hlutfalli starfsemi liggar greining skráðar notkunar sem hlutfall af birtri stærð eigna á svæðinu, sem kynnt var fyrir umhverfis- og skipulagsráði þann 14. janúar 2015. Hámarks-hlutfall er miðað við þá starfsemi eins og hún er í dag, útgefnar byggingaheimildir og heimildir um gistiþjónustu skv. samþykktum deiliskipulagsáætlunum. Deiliskipulags-skilmálar svæðisins verða að öðru leyti óbreyttir.

## Breytingartillagan hljóðar svo:

Á þeim hluta deiliskipulagssvæðisins sem er með landnotkun M1a og er innan afmarkaðs svæðis, eins og sýnt er á upprdrætti þessum, er heimilt að vera með þá starfsemi sem samræmist landnotkun gildandi aðalskipulags á hverjum tíma með þeim takmörkunum þó að hlutfall gistiþjónustu, sbr. lög um veitingastaði, gistiðaði og skemmtanahald nr. 85/2007 sé, ekki yfir 23% af samtölu birrar stærðar eigna á afmörkuðu svæði, sem er með landnotkun M1a og nær yfir deiliskipulagssvæði Kvosarinnar í heild og hluta af deiliskipulagssvæðis Grjótaþorps. Við skilgreindar götuhiðar í M1a skal öll starfsemi á jarðhæðum vera opin og aðgengileg almenningi allan daginn og ekki er heimilt að hylja glugga.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslagi nr. 123/2010 var samþykkt í

Borgarráði

þann 5. feb. 2015 og a  
embættif. skipulagsf. þann  
10.apríl 2015.

Tillagan var auglýst frá 16. feb. 2015  
með athugasemdafresti til 30. mars 2015.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var  
birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 20.  
Björn Atlanum

## Grjótaþorp

Breyting á deiliskipulagi Grjótaþorps, stgr. 1.136 samþykktu í borgarráði 30. júlí 2002, með síðari breytingum.